

Bekkur: Valfag

Námsgrein: Enski boltinn

Kennarar: Þórir Rafn Hauksson

Tíma fjöldi: 2 tímar á viku



Námsgögn:

Tölva (spjaldtölva) og veraldarvefurinn. Öll almenn áhöld íþróttahúsa.

Lykilhæfni:

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Njarðvíkurskóla.

Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Líkamsvitund, leikni og afkastageta	<i>Nemandi geti</i> gert æfingar sem reyna á hæfni hans í knattspyrnu	Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu	Kennari fylgist með í gegnum hreyfingu og leik nemenda
Félagslegir þættir	<i>Nemandi geti</i> - þekkt leikreglur í knattspyrnu, farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik - skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi samvinnu og tillitsemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum	Æfingarnar geta verið einstaklingsmiðaðar þar sem nemandinn vinnur einn eftir fyrirmælum kennara og einnig para og/eða hópaverkefni þar sem fleiri nemendur vinna saman í hópum	Kennari fylgist með í gegnum hreyfingu og leik nemenda
Heilsa og efling þekkingar	<i>Nemandi geti:</i> - aflað sér, ígrundað og metið upplýsingar um knattspyrnu sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi - gefið skýringar á og rökrætt ýmsa þætti í knattspyrnu - tekið sjálfstæðan þátt í samræðum um knattspyrnu - komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti	Kennslufyrirkomulagið verður aðallega í umræðuformi þar sem nemendur eru hvattir til að segja sínar skoðanir á ýmsum málefnum í tengslum við knattspyrnu	Kennari fylgist með þátttöku

Lokanámsmat:

Nemendur fá einkunn í lokið/ólókið

